

Alþingi
Erindi nr. P 138/364
komudagur 1.12.2009



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 30. nóvember 2009

Efni: umsögn Skógræktar ríkisins um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013, 200. mál.

Skógrækt ríkisins gerir aðeins eftirfarandi athugasemdir við þann hluta náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sem snýr að skógum.


Rökin fyrir friðlýsingu skógarsvæðanna þryggja, sem lagt er til skv. náttúruverndaráætlun 2009-2013, eru einkum þau að þar finnst sjaldgæfar ásætufléttur á trjánum. Helstu ógnir við ásætufléttur á þessum svæðum eru taldar vera frístundabyggð og innfluttar trjátegundir.

Frístundabyggð hefur í för með sér ruðning á skógi vegna vega og húsalóða. Þó svo að meirihluti trjáa standi áfram er einhver hættu á því að mjög sjaldgæfar fléttur, sem einungis finnast á örfáum trjám, fari forgörðum. Hitt er svo annað mál að umfang frístundabyggðar í Eyjólfsstaðaskógi jókst ekki á uppgangsrárunum og hún hefur aldrei verið teljandi í Egilsstaðaskógi eða Steinadal. Ógn af frístundabyggð virðist því ekki vera mikil þó svo að tiltekin svæði hafi verið skipulögð.

Flestar tegundir ásætufléttna á trjám eru ekki bundnar við eina trjátegund. Það er afar ólíklegt að barrtrén, sem hafa verið gróðursett í litlum mæli í alla skógana sem hér um ræðir, ógni ásætufléttunum. Þvert á móti, þá er líklegt að helstu áhrif barrtrjáanna gagnvart fléttunum verði að bjóða uppá fleiri og fjölbreyttari búsvæði. Það er jafn vel líklegt að sumar þeirra þrífist betur á barrtrjám en á birkinu.

Birki breiðist nú talsvert út í Steinadal og bæði birkiskógar og gróðursettir skógar breiðast út á Fljótsdalshéraði. Því munu búsvæði ásætufléttna aukast mjög eftir því sem þeir skógar eldast. Skógrækt ríkisins leggst ekki gegn friðlýsingu þessara skóglenda ef landeigendur vilja það. Hins vegar virðist framtíð ásætufléttna á trjám á Austurlandi björt og því er ekki aðkallandi að friðlýsa Egilsstaðaskóg, Eyjólfsstaðaskóg eða Steinadal.

Virðingarfyllst f.h. Skógræktar ríkisins


Þröstur Eysteinnsson
Sviðsstjóri Þjóðskógganna

